

Aðalfundur FIMAK haldinn í Íþróttahöllinni á Akureyri 11.05.2017

1. Fundarsetning og ávarp formanns, Hermanns Herbertssonar.

2. Kjör fundarstjóra og fundarritara.

Hermann Herbertsson formaður FIMAK lagði fram tillögu að fundarstjóra og fundarritara. Unnsteinn Jónsson var kosinn fundarstjóri og Lára Halldóra Eiríksdóttir fundarritari.

3. Staðfest lögmæti fundarins.

Unnsteinn lýsti fundinn löglegan þar sem hann var boðaður með 14 daga fyrirvara eins og lög félagsins gera ráð fyrir.

4. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram.

Unnsteinn lagði fram fundargerð síðasta aðalfundar.

5. Skýrsla aðalstjórnar, framkvæmdastjóra og nefnda.

Hermann Herbertsson formaður FIMAK kynnti skýrslu aðalstjórnar. Ekki var lögð fram sérstök skýrsla framkvæmdastjóra. Agla Egilson kynnti starf mótanefndar.

6. Reikningar félagsins.

Rannveig Jóhannsdóttir meðstjórnandi kynnti reikninga félagsins.

7. Umræður um skýrslur og reikninga félagsins.

- Spurt var um við hvaða aldur væri miðað við val á Íþróttamanni félagsins. Miðað hefur verið við 16 ára aldur. Í félaginu eru iðkendur mjög ungir og fáir sem eru yfir þeim aldri.

- Fyrirspurn kom um það búið væri að fara í það að greina hvar brottfall iðkenda liggur. Stjórn hefur ekki farið í slíka greiningarvinnu. Í gær var hinsvegar haldinn stefnumótunarfundur á vegum ÍBA og Akureyrarbæjar haldinn. Þar var m.a. verið að rýna í brottfall iðkenda í íþróttum á Akureyri. Eitt af því sem þar kom fram er að það hefur aukist að fólk æfi á eigin vegum. Búið er að skipa Heilbrigðisnefnd FSÍ. Brottfall úr fimleikum m.a. vegna meiðsla virðist vera heldur meira en úr öðrum greinum. Nefndinni er m.a. ætlað að rýna í það og leita leiða til að bæta þar úr.
- Spurt var hvernig gangi að fá hópfimleikabjálfa til starfa. Það gengur frekar illa. Félagið reyndi að fá til liðs við sig Norðmann sem bjálfarar kynntust í Ollerup ferð sem hópfimleikakrakkar fóru í í fyrrasumar. Hann kom til okkar og skoðaði aðstöðu. Honum leist vel á aðstöðu en valdi annað félag hér á landi.
- Spurt um birgðastöðu, er óbreytt milli ára. Birgðir eru mátunarfatnaðurinn sem til er á skrifstofu félagsins. Til stendur að skipta út félagsfatnaði og þá þarf að afskrifa birgðir og kaupa inn nýjan fatnað.
- Unnsteinn bendir á að frístundaávisunin hefur verið undir liðnum æfingagjöld á síðasta ári en er nú komið undir sérstakan lið þannig að æfingjagjaldatalan sé nokkuð svipuð á milli ára.

8. Reikningar bornir undir atkvæði.

Unnsteinn bar reikninga félagsins upp til samþykktar. Reikningar voru samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

9. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar voru teknar fyrir á fundinum.

10. Kosning formanns

Hermann Herbertsson formaður stjórnar FIMAK gefur kost á sér til áframhaldandi formennsku. Engin mótframboð bárust og er Hermann því réttkjörinn formaður stjórnar.

11. Kosning stjórnarmanna og 2 varamanna.

Unnsteinn kynnti breytingatillögu stjórnar þess efnis að kjörtímabil allra stjórnarmanna lengist um eitt ár. Unnsteinn leitaði samþykkis fundarins fyrir þessum breytingum. Fundurinn samþykkti þær. Sú breyting verður hinsvegar á stjórn að Agla Egilson hættir stjórnarsetu. Eitt framboð er komið til tveggja ára, Aníta Pétursdóttir. Engin mótframboð bárust og er Aníta því réttkjörinn stjórnarmaður til tveggja ára. Agla Egilson hætti í stjórn.

Þórður Birgisson gaf kost á sér í varastjórn fyrir fundinn. Hrefna Óladóttir gaf kost á sér á fundinum. Engin mótframboð bárust og eru þau því réttkjörnir varastjórnarmenn til eins árs.

12. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga fyrir næsta starfsár.

Ekki eru kosnir skoðunarmenn reikninga vegna ákvæðis í rekstrarsamningnum við Akureyrarbæ um löggilta skoðun reikninga.

13. Ákvörðun styrktarfélagsgjalda

Tillaga lögð fram um óbreytt styrktarfélagsgjald 2500 kr. Samþykkt að hafa það óbreytt.

14. Önnur mál

- Kristinn Reimarsson sviðstjóri samfélagssviðs tók til máls. Hann mætti í fjarveru bæjarstjóra sem fékk boð á fundinn og færði fundinum góða kveðju hans. Kristinn óskaði félaginu til hamingju með gott starf. Hann sagði frá stefnumótunarvinnunni sem framundan er hjá ÍBA og Akureyrarbæ. Kristinn óskaði eftir að félagið færi að huga að sumarnámskeiðum, þegar væru farnar að berast fyrirspurnir um námskeið. Hann óskaði nýjum framkvæmdastjóra til hamingju með starfið og félaginu til hamingju með afmælið og færði félaginu blómvönd.
- Hermann Herbertsson tók til máls og þakkaði Öglu Egilson óeigingjarnt starf í þágu félagsins, sérstaklega í ljósi þess að hún ætti ekki iðkanda hjá félaginu. Henni var færður þakklætisvottur fyrir starfið.

Fundarritari: Lára Halldóra Eiríksdóttir